

Afgreiðslufundur

Árið 2025, föstudaginn 12. september kl. 12:00 var haldinn 1859. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Anna Jóhannesdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðlaug Gylfadóttir, Guðjón Ingi Eggertsson og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Kolaports ehf., kt. 610825-0360, dags. 3. september 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús með brauðmeti og kökur, sem koma tilbúnar á staðinn ásamt samkomusal. Leyfið nær einnig til matarmarkaðar (Kolaport) að Tryggvagötu 19, F2020338. Tímabundið leyfi.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 12. desember 2025 með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Sértekum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir matarmarkað í Kolaportinu, Tryggvagötu 19*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.
2. Lögð fram umsókn Kolaports ehf., kt. 610825-0360, dags. 4. september 2025, um skráningu á veitingastað (Kolaport) að Tryggvagötu 19, F2020338. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
3. Lögð fram umsókn Landspítala, kt. 500300-2130, dags. 11. september 2025, um starfsleyfi fyrir kaffistofu fyrir blóðgjafa (Blóðbanki Landspítali) að Kringlunni 4-6, F2220515, merking 02-0401, rými 0502 og 0503. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomustaði*.

Fundi slitið kl. 12:30

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson